

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um LED-væðingu götulýsingar - R19070049

Reykjavíkurborg hyggst ráðast í 440 milljóna króna framkvæmdir við LED-væðingu götulýsingar á árinu 2019. LED-væðingin er næst stærsti kostnaðarliðurinn í umhverfis- og aðgengismálum borgarinnar á eftir göngu- og hjólastígum. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru nærri 30.000 götuljós í borginni en þar af hafa rúmlega 3.000 lampar verið endurnýjaðir. Það er því fyrirséð að framundan er töluverð vinna og kostnaður við LED-væðingu götuljósa borgarinnar. Hve langan tíma er áætlað að LED-væðing allra götuljósa borgarinnar muni taka? Hver er áætlaður heildarkostnaður við LED-væðingu, sundurliðaður eftir árum? Með hvaða hætti hefur verið og verður staðið að kaupum á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum vegna LED-væðingar? Er fyrirhugað að ráðast í útboð vegna kaupa á vörum, þjónustu og verkreglum framkvæmdum vegna LED-væðingar? Hvaða aðilar sjá í dag um rekstur götulýsingar fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. orku, viðhald og endurnýjun?